

# Framboð til kirkjupings

## Sigurður Óli Karlsson

### 3. kjördæmi Kjalarnesprófastsdæmi

Ég heiti Sigurður Óli og býð mig fram til kirkjupings fyrir Kjalarnesprófastsdæmi. Fyrir algjöra tilviljun var ég einu sinni dreginn með á æskulýðsfund í Lágafellskirkju. Þá hefði mér aldrei dottið í hug að nokkrum árum síðar væri ég hér, að bjóða mig fram til kirkjupings. En síðan þá hefur kirkjan orðið stór hluti af mínu lífi.

Ég hef sinnt fjölbreyttum störfum innan kirkjunnar, meðal annars í æskulýðsstarfi í Lágafellskirkju, Árbæjarkirkju, Ástjarnarkirkju og Seljakirkju. Ég hef einnig starfað sem kirkjuvörður við Lágafellskirkju og setið í sóknarnefnd frá því ég var 18 ára. Það mætti því segja að ég sé gömul sál í ungum líkama.

Í gegnum árin hef ég komið að útförum, hjónavígslum, fermingum, skírnum, kistulagningum, sunnudagaskóla, æskulýðsstarfi og umsjón með kirkjugörðum. Þessi reynsla hefur gefið mér góða innsýn í fjölbreytt starf kirkjunnar og þau verkefni sem hún sinnir á hverjum degi.

Ég hef einnig setið í stjórnnum tengdum æskulýðsmálum, meðal annars ÆSKP, ÆSKR og ÆSKH, og oft tekið þátt í kirkjupingi unga fólksins. Nú býð ég mig fram til kirkjupings fullorðna fólksins.

Samhliða störfum mínum innan kirkjunnar stunda ég nám í stjórn málafræði við Háskóla Íslands. Ég brenn sérstaklega fyrir æskulýðsmálum, nýliðun og því að kirkjan nái betur til ungs fólks. Ungt fólk er framtíð kirkjunnar.

Ég tel að kirkjuping þurfi ungan og öflugan fulltrúa sem þekkir kirkjuna að innan og er tilbúinn að vinna að skýrri framtíðarsýn fyrir hana. Ég vona að ég geti treyst á ykkar stuðning og atkvæði.

